

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og móttöku úrgangs á Skagaströnd.

1. gr.

Sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagastrandar ákveður árlegt sorphirðu- og sorpeyðingargjald á fasteignir svo og gjöld fyrir móttöku sorps í endurvinnslustöð.

2. gr.

Heimilt er að leggja gjald á hverja fasteign eftir eðli hennar og notkun; íbúðir, sumarhús, gripahús og atvinnuhúsnæði í sveitarfélaginu. Gjaldið er lagt á og innheimt með fasteignagjöldum eða á annan hátt eftir því sem við verður komið.

3. gr.

Sorphirðu- og sorpeyðingargjöld á fasteignir eru:

- a) Sorphirðugjald 18.500 kr./íbúð.
Innifalið í gjaldinu er reglubundin sorphirða frá heimilum þar með talin losun endurvinnslunnar hjá þeim sem kjósa að nýta sér þann valkost.
- b) Sorpeyðingargjald 8.500 kr./íbúð eða sumarhús.
Innifalið í gjaldinu er eyðing almenns heimilissorps og móttaka og eyðing sorps frá heimilum sem berst á endurvinnslustöð.
- c) Sorpeyðingargjald fyrir hesthús og fjárhús, 3.000 kr./hús í notkun.
Innifalið í gjaldinu er eyðing úrgangs frá peningshúsum.

4. gr.

Gjaldskrá Endurvinnslustöðvarinnar á Skagaströnd.

Á Endurvinnslustöðinni á Skagaströnd greiða þeir sem koma með úrgang samkvæmt eftirfarandi töflu:

Stærð farms:	0,25 (1/4) m ³	0,50 (1/2) m ³	0,75 (3/4) m ³	1 m ³
Gjald	1.000 kr.	2.000 kr.	3.000 kr.	4.000 kr.

Stærri farmar skulu reiknaðir út frá rúmmáli samkvæmt töflunni hér að ofan. Ekki er tekið við stærri förmum er 5 m³ á endurvinnslustöðinni.

- a) Ekki er tekið neitt gjald fyrir móttöku á flokkuðum úrgangi sem ber úrvinnslugjald, þar má nefna: Pappaumbúðir, plastumbúðir, hjólbarða, heyrúlluplast, ýmis spilliefni og úrelt ökutæki.
- b) Íbúar þurfa ekki að greiða endurvinnslustöðinni móttökugjöld fyrir úrgang sem tengdur er venjulegum heimilisrekstri, sbr. b. lið 3. gr. gjaldskrár þessarar.

5. gr.

Starfsmaður endurvinnslustöðvarinnar ákveður, að fenginni lýsingu úrgangshafa, í hvaða flokk úrgangur fellur skv. gjaldskránni. Flutningsaðili úrgangs á móttökustað ábyrgist greiðslu gjalda skv. gjaldskrá eða gerir grein fyrir með óyggjandi hætti hver sé ábyrgur greiðandi vegna farmsins.

Starfsmaður endurvinnslustöðvarinnar leggur sömuleiðis mat á stærð farms með mælingum og útreikningum. Hann getur einnig tekið á móti staðgreiðslu fyrir hverja afgreiðslu.

6. gr.

Sveitarfélaginu er heimilt að gera sérstakan samning um móttöku úrgangs og aðra þjónustupætti og fela samningsaðila að annast innheimtu skv. gjaldskránni.

7. gr.

Verði vanskil á greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari er hægt að innheimta gjöld með fjárnámi hjá úrgangshafa án undangengis dóm, sbr. lokamálslið 4. mgr. 11. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 með síðari breytingum, sbr. 1. gr. laga um aðför nr. 90/1989. Gjöld sem lögð eru á fasteignir eru tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign í allt að tvö ár eftir gjalddaga, sbr. lokamálslið 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum.

8. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagastrandar og staðfest af sveitarstjórninni þann 24. febrúar 2011 að fengnu samþykki heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra 22. febrúar 2011, öðlast þegar gildi. Sveitarstjórn er heimilt að hækka gjaldskrána árlega í samræmi við breytingar á neysluvísitölu án þess að sú breyting sé auglýst sérstaklega í B-deild Stjórnartíðinda.

Sveitarfélaginu Skagaströnd, 28. febrúar 2011.

Magnús B. Jónsson sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 14. mars 2011